

Skýrsla

Íslandsdeildar VES-þingsins fyrir árið 2003.

1. Inngangur.

Vestur-Evrópusambandið (VES) er varnarbandalag Vestur-Evrópuríkja og var stofnað með Brussel-sáttmálanum árið 1948. Stofnun Atlantshafsbandalagsins (NATO) árið 1949 skygðði nokkuð á starfsemi VES en með breyttri skipan öryggis- og varnarmála í kjölfar endaloka kalda stríðsins jókst mikilvægi stofnunarinnar til muna. Með Maastricht-sáttmálanum árið 1991 var VES falin útfærsla og framkvæmd varnarmálahluta sameiginlegrar utanríkis- og öryggismálastefnu Evrópusambandsins (ESB). Næstu ár eflidist VES verulega og gegndi æ stærra hlutverki í öryggismálum Evrópu. Auk þess sem sambandinu var ætlað að annast framkvæmd á fyrirhuguðum varnarmálahluta ESB átti það að gegna hlutverki Evrópustoðar NATO. Af þessum sökum var lítið á VES sem hlekkinn á milli NATO og utanríkis- og varnarmála ESB.

VES-þingið kom fyrst saman árið 1954 þegar verulegar breytingar voru gerðar á stofnsáttmála VES, m.a. til að veita Ítalíu og Þýskalandi aðild að sambandinu. Á VES-þinginu koma saman þjóðkjörnir þingmenn frá aðildarríkjum sambandsins, en þau eru nú tíu talsins, þ.e. öll aðildarríki ESB og NATO. Aukaaðild að þinginu eiga þau evrópsku aðildarríki NATO sem ekki eiga aðild að ESB, þ.e. Ísland, Noregur, Pólland, Tékkland, Tyrkland og Ungverjaland. Áheyrnaraðild að VES-þinginu eiga þau ESB-ríki sem fylgt hafa hlutleysisstefnu í utanríkismálum, auk Danmerkur. Loks hafa sjö ríki Mið- og Austur-Evrópu gert samstarfssamninga við VES. Eftirfarandi ríki eiga aðild að þinginu: Belgía, Bretland, Frakkland, Grikkland, Holland, Ítalía, Lúxemborg, Portúgal, Spánn og Þýskaland. Aukaaðildarríkin eru: Ísland, Noregur, Pólland, Tékkland, Tyrkland og Ungverjaland. Áheyrnaraðild hafa: Austurríki, Danmörk, Finnland, Írland og Svíþjóð. Þá eru samstarfsríkin sjö talsins: Búlgaría, Eistland, Lettland, Litháen, Rúmenía, Slóvakía og Slóvenía.

Þingið hefur aðsetur í París. Tveir þingfundir eru haldnir árlega, oftast í júní og desember. Hlutverk þingsins er að fjalla um málefni er falla undir starfssvið VES, þ.e. öryggis- og varnarmál álfunnar. Þingið fjallar auk þess um ársskýrslu VES og fjárhagsáætlun. Það fjallar um málefni sem eru efst á baugi í nefndum þingsins, ályktar um skýrslur nefnda, gerir tillögur til ráðherraráðs VES og beinir fyrirspurnum til þess. Skjöl þingsins eru gefin út á ensku og frönsku en umræður fara fram á tungumálum aðildarríkjanna. Málefnanefndir VES-þingsins eru sex: varnarmálanefnd, stjórnmalanefnd, tækni- og geimvísindanefnd, fjármála- og stjórnsýslunefnd, þingskapanefnd og nefnd um almannatengsl. Íslandsdeildin á eitt sæti í hverri nefnd. Á þinginu starfa, auk málefnanefnda, forsætisnefnd (Presidential Committee) og stjórnarnefnd (Standing Committee). Þessar nefndir taka ákvarðanir á milli þinga, sú fyrirnefnda einkum hvað varðar skipulagningu og stjórn þingsins, sú síðarnefnda á pólitíska sviðinu. Venja er að formenn landsdeilda sitji í þessum nefndum. Í forsætisnefnd sitja enn fremur forseti þingsins, níu varaforsetar þess (einn frá hverju hinna aðildarríkjanna), nefndaformenn og þeir fyrrverandi forsetar þingsins sem enn kunna að eiga þar sæti. Í stjórnarnefnd sitja allt að þrjú fulltrúar til viðbótar frá hverju aðildarríki, alls 30 manns til

viðbótar við forsætisnefnd. Ísland á einn fulltrúa í hvorri nefnd. Nefndir þingsins halda að jafnaði 4–5 fundi á ári utan þingfundanna.

2. Íslandsdeild VES-þingsins árið 2003.

Samkvæmt starfsreglum VES-þingsins (gr. 17.1) á Alþingi í krafti aukaaðildar sinnar rétt á að senda þrjá fulltrúa á fundi VES-þingsins. Aukaaðilar geta samkvæmt núverandi reglum þingsins tekið ríkan þátt í störfum þess og hafa málfrelsi á þingfundum. Þeir njóta þó ekki fullra réttinda og hafa ekki atkvæðis- eða tillögurétt á þingfundum. Sú hefð hefur hins vegar skapast að fulltrúar aukaaðildarríkja geta lagt fram tillögur og breytingartillögur í þinginu, að því gefnu að fulltrúar aðildarríkja skrifi einnig undir þær. Fulltrúar aukaaðildarríkja hafa ekki heldur rétt til að tala á móðurmáli sínu á fundum þingsins. Á hinn bóginn hafa aukaaðilar rétt til að taka til máls og greiða atkvæði í nefndum og gera breytingartillögur. Þannig geta aukaaðilar haft áhrif á þær tillögur og skýrslur sem ræddar eru á þingfundum þegar þær eru í mótun. Aukaaðilar geta einnig beint fyrirspurnum til ráðherraráðs.

Fram að alþingiskosningum 10. maí voru aðalmenn Íslandsdeildarinnar Kristján Pálsson, formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Katrín Fjeldsted, varaformaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Lúðvík Bergvinsson, þingflokki Samfylkingarinnar. Varamenn voru Einar Oddur Kristjánsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Sigríður Ingvarsdóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Þórunn Sveinbjarnardóttir, þingflokki Samfylkingarinnar. Ný Íslandsdeild var skipuð í upphafi 129. þings. Aðalmenn voru Bjarni Benediktsson, formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Guðjón Hjörleifsson, varaformaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Bryndís Hlöðversdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar. Varamenn voru Drífa Hjartardóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Guðmundur Hallvarðsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Þórunn Sveinbjarnardóttir, þingflokki Samfylkingarinnar.

Andri Lúthersson var ritari Íslandsdeildar VES-þingsins.

Skipan Íslandsdeildarinnar í nefndir árið 2003 var eftirfarandi:

Forsætisnefnd:	Bjarni Benediktsson.
Til vara:	Guðjón Hjörleifsson.
Stjórnarnefnd:	Bjarni Benediktsson.
Til vara:	Guðjón Hjörleifsson.
Stjórnmalanefnd:	Bjarni Benediktsson.
Til vara:	Drífa Hjartardóttir.
Varnarmalanefnd:	Guðjón Hjörleifsson.
Til vara:	Guðmundur Hallvarðsson.
Nefnd um almannatengsl:	Bryndís Hlöðversdóttir.
Til vara:	Þórunn Sveinbjarnardóttir.
Tækni- og geimvísindanefnd:	Bryndís Hlöðversdóttir.
Til vara:	Þórunn Sveinbjarnardóttir.
Fjármála- og stjórnsýslunefnd:	Guðjón Hjörleifsson.
Til vara:	Guðmundur Hallvarðsson.
Þingskapanefnd:	Guðjón Hjörleifsson.
Til vara:	Guðmundur Hallvarðsson.

3. Breytt staða VES-þingsins.

Á árinu 2003 varð framhald á umræðu um framtíðarhorfur VES-þingsins og um stofn-
 anatengsl Vestur-Evrópusambandsins við Evrópusambandið og Atlantshafsbandalagið en
 síðustu ár hafa miklar breytingar átt sér stað á sviði öryggis- og varnarmála í Evrópu. For-
 sögu þessa má rekja til leiðtogafundar Bretlands og Frakklands í St. Malo í desember 1998
 er öryggismálum álfunnar var beint inn á ótroðnar slóðir. Þar var ákveðið að ESB kæmi sér
 upp sjálfstæðum hernaðarmætti og í framhaldinu var ákveðið á leiðtogafundum ESB í Köln
 árið 1999 að stefna bæri að því að ESB tæki við flestum verkefnum VES fyrir árslok árið
 2000. Á fundi leiðtoga aðildarríkja ESB í Helsinki síðar sama ár urðu leiðtogarnir sammála
 um að NATO yrði áfram grundvöllur sameiginlegra varna ríkja sambandsins, en jafnframt
 að nauðsynlegt væri að koma á nýjum pólitískum og hernaðarlegum stofnunum er gerðu
 Evrópuríkjunum kleift að efna til hernaðaraðgerða undir forustu ESB þegar bregðast þyrfti
 við alþjóðlegum vanda. Samkvæmt ákvörðunum leiðtoga aðildarríkja ESB hefur nauðsyn-
 legum stofnunum þegar verið komið á fót innan „annarrar stoðar“ ESB og auk þess hefur
 hernaðarlegum markmiðum sambandsins þegar verið ýtt úr vör en stefnt er að því að það hafi
 á að skipa 50–60.000 manna evrópsku herliði sem brugðist geti skjótt við er hættuástand
 skapast. Ákvarðanir nokkurra leiðtogafunda ESB og yfirlýsing leiðtogafundar NATO í
 Washington lágu til grundvallar beinu sambandi milli NATO og ESB í þessum málum og
 hefur þróunin í átt að sjálfstæðum hernaðarmætti ESB í kjölfarið gert það að verkum að hlut-
 verk VES í öryggis- og varnarmálum álfunnar er nokkru minna en áður í ljósi þess að stofn-
 anir öryggis- og varnarmála álfunnar hefur færst á ábyrgð ESB. Jafnframt var í yfirlýsingu
 leiðtogafundar NATO kveðið á um mikilvægi þátttöku evrópsku NATO-ríkjanna utan ESB
 í öryggis- og varnarsamstarfi á vegum ESB og að NATO-ríkin utan ESB fengju aðgang að
 búnaði NATO. Því er ljóst að nauðsynlegt er að Ísland tengist VES nánari böndum og gæti
 þannig að stöðu landsins í öryggis- og varnarmálum Evrópu.

VES-þingið hefur verið mikilvægur þátttakandi í umræðunni um hvernig staðið verði að
 evrópsku þingi er hafi öryggis- og varnarmál til umfjöllunar. VES-þingið hefur lagt til að
 komið verði á fót öryggis- og varnarmálaþingi Evrópu þar sem þjóðkjörnir þingmenn hefðu
 eftirlit með starfsemi stofnana ESB á sviði öryggis- og varnarmála. Þá hefur verið lagt til að
 nýja þingið yrði grundvallað á ESB-sáttmálanum og að þingmenn þjóðþinga ESB-ríkjanna
 15 tækju þar sæti, auk þjóðkjörinna þingmanna evrópsku aðildarríkja NATO sem eru ekki
 aðilar að ESB. Þá var ákveðið að VES-þingið tæki upp viðbótarheitið: Tímabundið öryggis-
 og varnarmálaþing Evrópu (The Interim European Security and Defence Assembly).

Þrátt fyrir umfangsmiklar stofnana- og skipulagsbreytingar í Evrópu á undanförunum árum
 er VES-þingið enn sem komið er eina evrópska þingmannasamkundan sem gefur þjóð-
 kjörnum þingmönnum færi á að fylgjast með og ræða sameiginleg öryggis- og varnarmál
 álfunnar. Sumarið 2003 var gerð nafnabreyting á VES-þinginu sem tók mið af þessu. Við-
 bótarheitinu „The Interim European Security and Defence Assembly“ var breytt í „The
 Interparliamentary European Security and Defence Assembly“. Á árinu lagði Framtíðar-
 ráðstefna Evrópusambandsins (European Convention) fram drög að stjórnarskrá ESB og
 höfðu vonir staðið til að í drögunum kæmu fram svör við því hvernig haga bæri þátttöku
 þjóðkjörinna þingmanna í störfum ESB. Nokkur vonbrigði hafa verið hvað þetta atriði varðar
 því að í þeim drögum sem liggja fyrir leiðtogum aðildarríkja ESB er staða þjóðþinganna afar
 veik í ljósi þess að þar er ekki á þau minnst – heldur aðeins óljóst í viðauka. Umræðan um
 hlutverk þjóðþinganna í þessum málaflokki hefur því haldið áfram á árinu. Sem fyrr hefur
 Íslandsdeildin í málflutningi sínum lagt áherslu á mikilvægi þess að núverandi aukaað-

ildarríki VES geti tekið þátt í þróun öryggis- og varnarmálasamstarfs álfunnar, sem og framkvæmd þeirrar stefnu sem á endanum verður mótuð. Þá hefur Íslandsdeildin lagt áherslu á mikilvægi lýðræðislegs eftirlits þjóðkjörinnar þingmannasamkundu eins og VES-þingsins. Þessi sjónarmið hafa einnig borið hátt í máli forseta þingsins og annarra sem talað hafa máli þess á alþjóðavettvangi og er því óhætt að segja að um þau ríki mikil sátt innan vébanda VES-þingsins.

4. Þátttaka Íslandsdeildarinnar í starfsemi VES-þingsins á árinu.

VES-þingið kemur sem fyrr segir saman tvisvar á ári til reglulegs þingfundar. Nefndir þingsins halda auk þess fundi nokkrum sinnum á ári. Á árinu tók Íslandsdeildin þátt í báðum hlutum þingfundarins.

a. Fyrri hluti 49. fundar VES-þingsins.

Dagana 2.–4. júní fór fyrri hluti 49. fundar VES-þingsins fram í Strassborg. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildarinnar Bjarni Benediktsson formaður, Drífa Hjartardóttir (varamaður) og Anna Kristín Gunnarsdóttir (staðgengill aðal- og varamanns), auk Belindu Theriault, forstöðumanns alþjóðasviðs. Evrópusamstarf í öryggis- og varnarmálum á vettvangi Evrópusambandsins (ESB) annars vegar og Atlantshafstengslin hins vegar voru öðrum málum fyrirferðarmeiri á fundinum að þessu sinni. Þess má geta að í fyrsta skipti í sögu þingsins var haldinn sameiginlegur fundur með Evrópuþinginu og var þá síðarnefnda umræðuefnið á dagskrá.

Hollendingurinn Jan Dirk Blaauw, forseti VES-þingsins, hélt í upphafi fundarins ræðu þar sem hann gagnrýndi mjög Framtíðarráðstefnu ESB. Hann sagði að hvorki hefði tekist með tillögum ráðstefnunnar að einfalda stofnanakerfi ESB né auka gegnsæi og lýðræði innan sambandsins. Kæruleysisleg vinnubrögð einkenndu starf ráðstefnunnar á sviði varnar- og öryggismála, tillögur um samstarfsform á þessu viðkvæma sviði væru óþarflega flóknar, ekkert tillit væri tekið til samstarfsríkja utan ESB sem væru aðilar að NATO og nýjustu tillögur varðandi lýðræðislegt aðhald í þessum málaflokki gerðu ekki ráð fyrir samstarfsvettvangi þjóðþinga. Hann sagði gjörsamlega óásættanlegt að einungis COSAC (samstarfsnefnd Evrópuþingsins og þjóðþinga ESB) bæri ábyrgð á lýðræðislegu aðhaldi í varnar- og öryggismálum. Þá gerði Blaauw getuleysi ESB á hernaðarsviðinu að umtalsefni og sagði ótraustvekjandi þegar varnarmálaráðherrar ESB væru með yfirlýsingar sem stönguðust á við raunveruleikann, t.d. þegar þeir segðu ESB tilbúið að framkvæma Petersberg-verkefni í stórum stíl.

Aðrir sérstakir ræðumenn á þinginu voru Peter Schieder, forseti Evrópuráðsþingsins, Vecdi Gönül, varnarmálaráðherra Tyrklands, Antonio Martino, varnarmálaráðherra Ítalíu f.h. verðandi formennskulands í ESB og VES, og Yannis Papantoniou, varnarmálaráðherra Grikklands f.h. formennskulands í ESB og VES. Jafnframt fór fram sérstök umræða um evrópsk varnarmál og Atlantshafstengslin og flutti Chris Patten ávarp við það tækifæri, en hann fer með utanríkismál í framkvæmdastjórn ESB. Patten taldi að Evrópa og Bandaríkin næðu markmiðum sínum best með samvinnu. Hann sagði gildismat Evrópu og Bandaríkjanna í grundvallaratriðum það sama og efnahagslega væru Evrópa og Bandaríkin mjög háð hvort öðru, ekki síst á sviði fjárfestinga. Evrópa væri jafnoki Bandaríkjanna efnahagslega, en ekki hernaðarlega. Evrópumenn yrðu að vera reiðubúnir að beita hernaðarvaldi með sannfærandi hætti til að vera teknir alvarlega. Hann taldi að viðhorf Bandaríkjanna hefðu ekki breyst í grundvallaratriðum eftir 11. september og hagsmunir þeirra og Evrópumanna færu enn

saman, þó að vissulega væru ólík viðhorf til Ísraels og Miðausturlanda. Hann benti á fimm leiðir til að styrkja Atlantshafstengslin: Í fyrsta lagi þyrfti að tryggja árangur af Doha-samningunum, í öðru lagi þyrftu Evrópuríki að auka útgjöld til varnarmála, samhæfa hergagnaframleiðslu og auka rannsóknir, í þriðja lagi yrði að vera pólitískur vilji innan Evrópu til að vinna saman, eins og samvinnan á Balkanskaga sýndi. Umfjöllun um aðildarumsókn Tyrklands að ESB yrði næsta stóra verkefnið sem ESB tækist á við, en það hefði áhrif á samskipti við öll íslömsk ríki. Í fjórða lagi þyrfti að dýpka samstarf við Bandaríkin í baráttunni gegn hryðjuverkum. Í fimmta lagi þyrftu ráðamenn beggja vegna Atlantshafs að skilja að samstarfsaðilar hefðu rétt á sjálfstæðum skoðunum í einstökum málum. Að loknu erindi Pattens tók við lífleg umræða með þátttöku þingmanna af Evrópuþinginu. Rætt var m.a. um getu ESB-ríkja til að tala einni röddu og hvort æskilegt væri að hafa sameiginlega stefnu í utanríkismálum, um viðhorf Bandaríkjamanna eftir 11. september, hlutverk NATO, um hvort andúð á Bandaríkjunum einkenndi umræðuna í Evrópu, um nauðsyn á samheldni yfir Atlantshafið, um hernaðargetu eða getuleysi ESB, um hvort mynd Pattens af viðhorfum Bandaríkjamanna í kjölfar 11. september væri rétt, um samstarf á efnahagssviðinu og um hlutverk Evrópu í heiminum í dag. Voru fundarmenn ánægðir með að fulltrúar VES-þingsins og Evrópuþingsins hefðu haft tækifæri til að ræða saman um þessi mál og vonuðust eftir framhaldi á slíkri samvinnu.

Í umræðum um stefnu í öryggismálum í stækkuðu Evrópusambandi tók formaður norsku sendinefndarinnar til máls og sagði að hann styddi vissulega þróun varnar- og öryggismála-stefnu ESB, en mikilvægt væri að NATO yrði áfram hornsteinn í evrópskum öryggismálum. Sameiginlegar varnarskuldbindingar ættu enn að grundvallast á bandalaginu. Það styrkti Atlantshafstengslin og kæmi í veg fyrir óþarfa tvíverknað. Tóku flestir ræðumenn í sama streng, þó að vissulega væri hefðbundinn skoðanamunur á milli fulltrúa ríkja ESB.

Á fyrsta degi fundarins var gerð breyting á viðbótarheiti VES-þingsins, sem tekið var upp á síðasta ári. Viðbótarheitið var „The Interim European Security and Defence Assembly“, þ.e. Tímabundið öryggis- og varnarmálaþing Evrópu, en var breytt í „The Interparliamentary European Security and Defence Assembly“.

b. Síðari hluti 49. fundar VES-þingsins.

Dagana 1.–3. desember var seinni hluti 49. fundar VES-þingsins haldinn í París. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Bjarni Benediktsson formaður, Guðjón Hjörleifsson varaformaður og Bryndís Hlökkversdóttir, auk Andra Lútherssonar ritara. Umræður um sameiginlega öryggis- og varnarstefnu ESB, áætlanir um Evrópuher og hugsanlegar höfuðstöðvar hans, auk samskipta Bandaríkjanna og Evrópu í kjölfar Íraksstríðsins voru öðrum málum fyrirferðarmeiri á desemberfundi VES-þingsins. Þá beindust umræður öðrum þræði að stjórnarskrárrögum ESB og spurningunni um hvort og með hvaða hætti ESB muni finna öryggis- og varnarmálastefnunni, og þá sérstaklega sameiginlegum vörnum, stað í stjórnarskránni. Í stjórnarskrárrögum Evrópusambandsins sem ríkjaráðstefna þess á enn eftir að taka afstöðu til, er ekki gert ráð fyrir neinu formlegu hlutverki VES-þingsins á sviði öryggis- og varnarmálastefnu ESB, líkt og þingið hefur lengi barist fyrir.

Á fundinum kom fram eindreginn stuðningur við þá afstöðu að hagsmunir aðildarríkja VES og þjóðþinga þeirra væru best tryggðir ef ráðherraráði ESB væri skylt að upplýsa og leita ráðgjafar hjá fjölþjóðlegum þingmannasamtökum sem væru skipuð fulltrúum þjóðþinga. Þetta hvílir á þeirri forsendu sem margsinnis hefur komið fram hjá VES-þinginu að fjölþjóðleg samvinna innan ESB á sviði öryggismála yrði að haldast í hendur við fjölþjóðlega

samvinnu þjóðþinga. Árangurinn hafi ekki látið á sér standa innan þeirra stofnana þar sem sá háttur hefur verið hafður á, sbr. VES, ÖSE og NATO. Desemberfundur VES-þingsins fór fram stuttu eftir ráðherrafund ESB í Napólí þar sem fram kom að ekki eru miklar vonir til þess að staða þjóðþinganna verði styrkari hvað fjölþjóðlegt samstarf varðar í lokaútgáfu stjórnarskrárdraganna. Í ávarpi fráfarandi forseta VES-þingsins, Lúxemborgarans Marcel Gleseners, kom fram að í þeim drögum sem nú liggja fyrir leiðtogunum væri staða þjóðþinganna afar veik í ljósi þess að þar er ekki á þau minnst – heldur aðeins óljóst í viðauka. Hvað samvinnu á sviði varnarmála varðaði og möguleika á að stjórnarskráin innihaldi ákvæði um sameiginlegar varnir, þá væri enn óljóst hvort sáttatillaga Frakka, Þjóðverja og Breta í þeim efnum, sem kvæði á um skipulegt samstarf (e. structured cooperation), hlyti náð fyrir augum leiðtoga ríkjanna 25 sem veita þyrftu samhljóða samþykki sitt. Enn væri eftir að útfæra orðalagið nánar og enn væru margar spurningar sem brýnt væri að svara í þessum efnum, t.a.m. hvernig hugsanleg ákvæði í stjórnarskránni mundu vera frábrugðin grein 5 í endurskoðaða Brussel-sáttmálanum, hvaða skilyrði ættu að gilda svo að ríki gætu veitt samþykki sitt við sameiginlegum varnarskuldbindingum, hverjir ættu að skuldbinda sig til að veita hernaðarlegt öryggi til handa þeim ríkjum sem stæðu utan Atlantshafsbandalagsins, og hvert væri hlutverk þeirra NATO-ríkja sem stæðu utan ESB í slíku samstarfi? Góður rómur var gerður að erindi forsetans. Áhugavert var að heyra í máli tignargesta sem boðið var til fundarins afar mismunandi skoðanir á því hvernig haga bæri öryggismálum og vörnum í stjórnarskrá ESB.

Þriðjudaginn 2. desember flutti Jean-Claude Juncker, forsætisráðherra Lúxemborgar, ræðu þar sem hann lagði áherslu á að tillögur Frakka, Þjóðverja og Breta um ákvæði um sameiginlegar varnir í stjórnarskrárrögunum ættu að vera hluti af grunnstoð stjórnarskrárinnar og að þær yrði að útfæra á þrengri hátt. Sagðist hann vera þeirrar skoðunar að ESB-ríkin yrðu í framtíðinni að búa við sameiginlegan varnarviðbúnað. Þegar væru fyrir hendi ákvæði um sameiginlega aðstoð og sameiginlegar varnir ættu því heima í stjórnarskránni. Þá sagðist Juncker vonast til að þingræðislegu eftirliti þjóðþinganna yrði áfram beitt þegar um milli-ríkjamál væri að ræða eins og verið hefði á VES-þinginu. Sagðist hann jafnframt mundu beita sér fyrir því að rætt yrði um þingræðislega vídd öryggis- og varnarmálastefnu ESB af fullri alvöru þar eð á slíkt hefði skort tilfinnanlega á undangengnum missirum. Í ræðu Bach lávarðar, aðstoðarvarnarmálaráðherra Bretlands, kom hins vegar fram að bresk stjórnvöld væru andvíg mörgum þeim tillögum sem komið hefðu fram í tengslum við ríkjaráðstefnuna. Sagði hann að Bretar væru andvígir ákvæði um sameiginlegar varnir ef það væri andstætt öryggisskuldbindingum þeim sem fælust í Norður-Atlantshafssáttmálanum. Þá mættu slík ákvæði og samstarf sem á þeim hvíldi ekki heldur grafa undan þeim forsendum öryggis- og varnarmálastefnu ESB sem fram hefðu komið og samþykktar á leiðtogafundinum í Nissa árið 2000. Sagði hann að aðeins skipulegt samstarf sem miðaði að því að bæta skilvirkni og hraða væri ásættanlegt. Á hinn bóginn sagði Bach að fullur vilji væri til þess innan bresku ríkisstjórnarinnar að breikka og útfæra svið Petersberg-verkefnanna svonefndu (friðargæsla og mannúðarstarf) en að á móti kæmi að viðvarandi fjársveltí herja ESB-ríkjanna kæmi í veg fyrir nauðsynlega hernaðarlega getu. Sagðist hann jafnframt fagna tillögum Ítala og Frakka um ný höfuðmarkmið (e. headline goal) ESB sem kvæðu á um að ESB – eitt og sér ef þörf krefði – gæti tekist á hendur hættuástandsstjórn 15 dögum eftir að slíkt ástand kæmist á. Aðspurður sagðist Bach túlka niðurstöður leiðtogafundarins í Napólí á þann hátt að öryggisskuldbindingar í Evrópu væru alfarið á ábyrgð Atlantshafsbandalagsins en að hugsanlegar öryggisskuldbindingar ESB (sem hugsanlega kæmu fram í stjórnarskrá) væru til marks

um pólitískan raunveruleika þar sem aðstoð væri heitið við þau Evrópuríki sem ógnað væri. Þá hlýddu fundarmenn á mál tveggja ráðherra frá hlutlausum ríkjum í ESB. Erkki Tuomioja, utanríkisráðherra Finnlands, hélt ræðu á fundinum þar sem fram kom að ákvæði það um sameiginlegar varnir sem verið væri að semja um ætti að styrkja pólitíska einingu innan ESB en ekki skapa nýtt varnarbandalag. Sagði hann að ef Finnar þyrftu á öryggisskuldbindingum að halda mundu þeir að sjálfsögðu snúa sér til Atlantshafsbandalagsins. Dick Roche, Evrópumálaráðherra írsku ríkisstjórnarinnar, ræddi á sömu nótum og Tuomioja og sagði í ræðu sinni að hvorki væri þörf á sameiginlegum varnarsáttmála ESB né tveggja hraða kerfi er lyti að öryggis- og varnarsamstarfi. Sagði hann ónauðsynlegt að hafa í stjórnarskránni ákvæði um sameiginlegar varnir sem færi á svig við stjórnarskrár einstakra aðildarríkja. Rík þörf væri á því að finna lausn sem útilokaði enga þjóð. Aðspurður sagðist hann einnig vera talsmaður þess að skjót og farsæl lausn fyndist á þingræðislegu eftirliti öryggis- og varnarmálastefnu ESB.

Á fundinum lét Marcel Glesener af störfum sem forseti VES-þingsins og í embættið var sjálfkjörinn Armand De Decker, forseti efri deildar belgíska þingsins. Í fyrsta ávarpi sínu sem forseti sagði De Decker að hlutverk sitt á næstu missirum yrði að sannfæra stjórnvöld og þjóðþing Evrópusambandsríkjanna um það að brýnt væri að áframhald yrði á störfum fjölþjóðlegrar þingmannasamkundu – skipaðrar þjóðkjörnum þingmönnum – sem hefði eftirlit með öryggis- og varnarmálum Evrópu. Sagði hann að hin sameiginlega öryggis- og varnarmálastefna sambandsins – sem væri milliríkjamál í eðli sínu – mundi aðeins njóta raunverulegs lögmætis ef eftirlitið væri í höndum samtaka á borð við VES-þingið.

Eftirtaldir ávörpuðu fundinn og svöruðu spurningum þingmanna: Jean-Claude Juncker, forsætisráðherra Lúxemborgar, Bach lávarður, aðstoðarvarnarmálaráðherra Bretlands, Roberto Antonione, aðstoðarutanríkisráðherra Ítalíu, sem fór með formennsku í ráðherraráði VES síðari hluta ársins 2003, Erkki Tuomioja, utanríkisráðherra Finnlands, og Dick Roche, Evrópumálaráðherra Írlands, sem fer með formennsku í ráðherraráði ESB fyrri hluta ársins 2004.

Alþingi, 16. febr. 2004.

Bjarni Benediktsson,
form.

Guðjón Hjörleifsson,
varaform.

Bryndís Hlöðversdóttir.

Fylgiskjal.**Ályktanir, tilmæli og tilskipanir VES-þingsins árið 2003.***Fyrri hluti 49. þingfundar 2.–4. júní:*

1. tilmæli 721, um öryggismál í stækkaðri Evrópu – svar við ársskýrslu ráðherraráðsins,
2. tilmæli 722, um varnir í Evrópu – hlutverk sjóherja,
3. tilmæli 723, um sameiginlegt herlið ESB og hraðlið NATO – svar við ársskýrslu ráðherraráðsins,
4. tilmæli 724, um þróun samevrópskra verkátta í varnar- og öryggismálum,
5. tilmæli 725, um Evrópu og hina nýju þjóðaröryggisáætlun Bandaríkjanna,
6. tilmæli 726, um þjóðaröryggisáætlun Bandaríkjanna og afleiðingar hennar fyrir evrópsk varnarmál,
7. tilmæli 727, um samstarf evrópsks og rússnesks eldflauga- og geimvarnaiðnaðar,
8. tilmæli 728, um framtíð evrópsks herflugvéla-, eldflauga- og geimvarnaiðnaðar – svar við ársskýrslu ráðherraráðsins,
9. tilmæli 729, um evrópsk verkefni á sviði geimvarna,
10. tilmæli 731, um þróun mála í Suðaustur-Evrópu,
11. ályktun 115, um öryggismálastefnu í stækkaðri Evrópu – framlag til Framtíðarráðstefnu ESB,
12. ályktun 116, um þingræðislega umfjöllun um varnar- og öryggismálastefnu (ESDP) ESB,
13. tilskipun 118, um öryggismálastefnu í stækkaðri Evrópu.

Síðari hluti 49. þingfundar 1.–3. desember:

1. tilmæli nr. 733, um evrópskt herfræðihugtak – þættir er lúta að vörnum,
2. tilmæli nr. 734, um hraðsveitir flugherja Evrópuríkja,
3. tilmæli nr. 735, um evrópskt frumkvæði til að styrkja stöðu Sameinuðu þjóðanna á vettvangi friðar- og öryggismála,
4. tilmæli nr. 736, um framgang sameiginlegrar öryggis- og varnarmálastefnu ESB,
5. ályktun nr. 118, um þinglegar umræður um Framtíðarráðstefnu ESB – umræður og svör við spurningum sem lagðar hafa verið fram á þjóðþingum aðildarríkja VES,
6. tilmæli nr. 737, um öryggi Evrópu og stöðugleika í Miðausturlöndum,
7. tilmæli nr. 738, um áhrif Íraksstríðsins á almenningsálitið í Evrópu,
8. tilmæli nr. 739, um eldflaugavarnir og nauðsyn samevrópsks frumkvæðis,
9. tilmæli nr. 740, um framþróun evrópskrar stefnu í vopnaframleiðslu – svör við ársskýrslu ráðherraráðsins,
10. tilmæli nr. 741, um styrkari og samþættar evrópskar varnir – svör við ársskýrslu ráðherraráðsins.